

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. og 6. gr. laga nr. 97 27. desember 1973 um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. febrúar 1978.*

**Matthías Bjarnason.**

*Dórður Ásgeirsson.*

## **REGLUGERÐ**

### **um bann við línuveiðum við Snæfellsnes.**

#### **1. gr.**

Þar til annað verður akveðið verða allar línuveiðar bannaðar við vestanvert Snæfellsnes. Svæðið afmarkast að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, að sunnan (suðaustan) afmarkast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi suður frá Malarrifsvita. Að vestan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 4 sjómilur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976.

#### **2. gr.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### **3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. febrúar 1978.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*